

Nd.

231. Frumvarp

til víxillaga.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

FYRSTI ÞÁTTUR

Um víxla á hendur öðrum manni.

Fyrsti kapítuli.

Um útgáfu víxils og form.

1. gr.

Í víxli skal greina:

1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (víxilfjárhæð).
3. Nafn þess, er greiða skal (greiðandi, trassat).
4. Gjaldlega.
5. Greiðslustað.
6. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísar má víxilfjárhæðinni til greiðslu (viðtakandi, remittent).
7. Útgáfudag og útgáfustað víxilsins; og
8. Undirskrift þess, er víxillinn gefur út (útgefandi, trassent).

2. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi víxilgildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé gjaldlega eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn vera greiðslustaður víxilsins, og skal þessi staður þá einnig vera talinn heimili greiðanda.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

3. gr.

Víxil má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs.

Gefa má víxil út á hendur útgefanda sjálfum.

Gefa má víxil út fyrir reikning þriðja manns.

4. gr.

Kveða má svo á í vixli, að hann skuli greiddur hjá þriðja manni, annaðhvort á þeim stað, þar sem greiðandi býr, eða annarsstaðar.

5. gr.

Útgefandi getur kveðið svo á í vixli, sem greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, að vexti skuli greiða af vixilfjárhæðinni, en í öllum öðrum vixlum skulu slík ákvæði metin sem óskráð.

Tilgreina skal vaxtahæðina í vixilinum, og skal ákvæðið um vexti að öðrum kosti metið sem óskráð.

Vextina skal greiða frá útgáfudegi vixilsins, sé eigi annar dagur tiltekinn.

6. gr.

Nú er fjárhæð tilgreind í vixli bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

Sé fjárhæðin tilgreind oftár en einu sinni í vixlinum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

7. gr.

Séu á vixli nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig vixilskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnrítanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna vixilskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

8. gr.

Sá, sem ritar nafn sitt á vixil fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir vixlinum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt vixilinn, sama rétt og hinn myndi hafa öðlast. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

9. gr.

Útgefandi ábyrgist samþykki vixilsins og greiðslu hans.

Undanskilja má hann sig ábyrgð á samþykki vixilsins, en hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu vixilsins, skal metinn sem óskráður væri.

10. gr.

Nú er vixill eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við vixilhafa, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk vixilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Annar kapituli.

Um framsal víxla.

11. gr.

Framselja má víxil, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt víxillinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

Nú hefir útgefandi tekið í víxilinn orðin „eigi til framsals“ eða því lík orðatiltæki, og verður víxillinn þá aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, er gilda um almennt framsal kröfu.

Framselja má víxil einnig til greiðanda, hvort sem hann hefir samþykkt víxilinn eða eigi, svo og til útgefanda eða annars víxilskuldara. Þessir menn geta framselt víxilinn aftur.

12. gr.

Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

Framsal á nokkrum hluta víxilfjárhæðar aðeins er ógilt.

Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

13. gr.

Framsal skal rita á víxilinn sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum víxillinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið víxilsins eða á miða, sem við víxilinn er festur.

14. gr.

Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er víxillinn veitir, til framsalshafa. Sé framsalið eyðuframsal, getur víxilhafi:

1. Fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt víxilinn að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða
3. afhent víxilinn þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á víxilinn.

15. gr.

Sá, sem ritað hefir framsal á víxil, ábyrgist samþykki og greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

Hann getur lagt bann við því, að víxillinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er víxilinn fá framseldan eftir það.

16. gr.

Sá, sem víxil hefir í höndum, skal talinn réttur víxilhafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt við síðasta framsal sé eyðufram-

sal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlzt víxillinn við eyðuframsalið.

Nú hefir víxill komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa þeim, er sannar rétt sinn með þeim hætti, er segir í næstu málsgrein hér að framan, eigi skylt að skila víxlinum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxillinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

17. gr.

Nú er lögsókn hafin út af víxilkröfu, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn víxilliafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu víxillinn, nema því aðeins, að víxilhafi, er liann eignaðist víxillinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

18. gr.

Séu orðin „til innheimtu“ í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð (framsal til umboðs), getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

Víxilskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn víxilhafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

19. gr.

Séu orðin „til tryggingar“, „að veði“ eða önnur orð, sem lúta að veðsetningu, í framsali, getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en framsal hans á víxlinum hefir aðeins gildi sem framsal til umboðs.

Víxilskuldarar geta eigi borið þær varnir fram gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum þeirra við framseljanda, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxillinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

20. gr.

Framsali, sem ritað er eftir gjalddaga víxilsins, hefir sömu áhrif sem framsali ritað fyrir þann tíma. Sé framsali ritað eftir að afsögn vegna greiðslufalls hefir farið fram, eða eftir að afsagnarfrestur er hönn, hefir það þó aðeins áhrif sem almennt framsali kröfu.

Ódagsett framsali skal talið ritað áður en afsagnarfrestur leið, nema annað sannist.

Þriðji kapituli.

Um samþykki víxla.

21. gr.

Fram til gjalddaga víxils getur hver, sem víxillinn hefir í höndum, sýnt hann til samþykkis greiðanda, á þeim stað, þar sem greiðandi býr.

22. gr.

Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, að sýna skuli hann til samþykkis, hvort sem hann jafnframt setur frest til sýningar eða eigi.

Hann getur lagt bann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, enda sé eigi að ræða um víxil, er greiðast á hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem greiðandi býr, eða víxil, er greiðast á tilteknum tíma eftir sýningu.

Hann getur einnig mælt svo fyrir, að víxillinn skuli eigi sýndur til samþykkis fyrir tiltekinn tíma.

Sérhver framseljandi getur mælt svo fyrir, að víxillinn skuli sýndur til samþykkis, hvort sem hann um leið kveður á um sýningarfrest eða eigi. Þetta gildir þó eigi, ef útgefandi hefir bannað sýningu víxilsins til samþykkis.

23. gr.

Víxil, er greiða skal tilteknum tíma eftir sýningu, skal sýna til samþykkis áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans.

Útgefandi getur stýtt frest þennan eða kveðið á um lengri frest.

Framseljendur geta stýtt þessa fresti.

24. gr.

Greiðandi getur krafizt þess, að víxill sé sýndur sér að nýju næsta dag eftir hina fyrstu sýningu. Nú er slíkri kröfu eigi sinnt, og verður sú vörn eigi höfð uppi, nema kröfunnar sé getið í afsagnargerðinni.

Víxilhafa er eigi skylt að láta víxillinn frá sér í vörzlur greiðanda, er hann sýnir víxillinn til samþykkis.

25. gr.

Samþykki skal rita á víxillinn. Það skal látið í ljós með orðinu „samþykkur“, eða öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal það undirritað af greiðanda. Nafnritun greiðanda á framhlið víxilsins gildir, ein út af fyrir sig, sem samþykki.

Eigi að greiða víxillinn tilteknum tíma eftir sýningu, eða eigi, eftir sérstöku ákvæði, að sýna hann til samþykkis á tilteknum fresti, skal samþykki dagsett og þá tilgreindur sá dagur, er samþykki var gefið, nema víxilhafi krefjist þess, að tilgreindur sé sá dagur, er sýning átti sér stað. Vanti dagsetningu, verður víxilhafi, til þess að varðveita fullnusturétt sinn gegn framseljendum og útgefanda, að sanna vöntun dagsetningarinnar með afsagnargerð, er fram fari í tæka tíð.

26. gr.

Samþykki skal vera skilyrðislaust. Þó má greiðandi takmarka samþykkið við nokkurn hluta fjárhæðar víxilsins.

Sé annars á einhvern hátt vikið frá efni víxils við samþykki hans, skal það metið sem synjun á samþykki. Samþykkjandi er þó skuldbundinn eftir hljóðan samþykkis síns.

27. gr.

Hafi útgefandi tilgreint á víxlinum annan greiðslustað en þann stað, þar sem heimili greiðanda er, og eigi tilnefnt neinn þriðja mann, er greiðsla skuli fara fram hjá, getur greiðandi, er hann samþykkir víxilinn, tilnefnt þennan mann. Sé enginn tilnefndur, skal lita svo á, að samþykkjandi hafi skuldbundið sig til þess að leysa sjálfur víxilinn inn á greiðslustaðnum.

Hljóði víxill um greiðslu hjá greiðanda, getur hann, er hann samþykkir víxilinn, tilgreint, hvar greiðslu skuli krafizt á greiðslustaðnum, eða tilnefnt annan mann á sama stað, er greiði víxilinn.

28. gr.

Með samþykki sinu skuldbindur greiðandi sig til þess að greiða víxilinn í eindaga.

Verði víxillinn ekki greiddur, á víxilhafi, jafnvel þótt hann sé útgefandi víxilsins, beina kröfu samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda um allt það, er krefja má samkvæmt 48. og 49. gr.

29. gr.

Nú hefir greiðandi ritað samþykki sitt á víxil, en strikar það út áður en hann skilar víxlinum aftur, og skal þá talið, að neitað sé um samþykki. Útstrik-unin skal talin hafa verið gerð áður en víxlinum var skilað aftur, nema annað verði sannað.

Hafi greiðandi skriflega skýrt víxilhafa eða einhverjum víxilskuldara frá samþykki sinu, er hann þó skuldbundinn við þá eftir hljóðan samþykkis síns.

Fjórði kapítuli.

Um ábyrgð á víxilkröfu (aval.).

30. gr.

Tryggja má greiðslu víxils með ábyrgð á allri víxilfjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar.

Ábyrgðina getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver víxilskuldaranna.

31. gr.

Ábyrgð skal rituð á víxilinn eða á miða, er við víxilinn sé festur.

Henni skal lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður“, eða með öðru sam-

svarandi orðatiltæki, og skal hún undirrituð af þeim, sem i ábyrgðina gengur (avalist).

Nafnritun ein sér á framhlið vixilsins skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun greiðanda eða útgefanda sé að ræða.

Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

32. gr.

Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk i ábyrgðina fyrir.

Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk i ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

Greiði ábyrgðarmaður vixil, öðlast hann allan rétt samkvæmt vixlinum gegn þeim manni, er hann gekk i ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt vixlinum bera ábyrgð gagnvart honum.

Fimmti kapituli.

Um gjalddaga vixils.

33. gr.

Vixill getur hljóðað um borgun:

við sýningu (a vista);

tilteknum tíma eftir sýningu (a viso);

tilteknum tíma eftir útgáfudag (a dato) eða

á tilteknum degi.

Vixill, sem hljóðar um borgun á öðrum gjalddaga en þessum, eða greiðast á smám saman á fleiri en einum gjalddaga, er ógildur.

34. gr.

Sýningarvixill skal greiddur við sýningu. Sýna skal hann til greiðslu áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans. Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest. Framseljendur geta stytt fresti þessa.

Útgefandi getur mælt svo fyrir, að vixill, er greiðast á við sýningu, skuli eigi sýndur til greiðslu fyrir tiltekinn tíma. Telst sýningarfrestur þá frá þeim tíma.

35. gr.

Gjalddagi vixils, er hljóðar um borgun tilteknum tíma eftir sýningu, skal miðast við dagsetningu samþykkis eða afsagnargerðar.

Sé samþykki eigi dagsett, og hafi afsagnargerð heldur eigi farið fram, skal gagnvart samþykkjanda lita svo á, að vixillinn hafi verið samþykktur á síðasta degi frests þess, er settur er til sýningar vixilsins til samþykkis.

36. gr.

Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, verður sami mánaðardagur í þeim mánuði, er greiða á víxilinn í, gjalddagi hans. Nú er sá dagur eigi til í mánuðinum, og er þá síðasti dagur mánaðarins gjalddagi víxilsins.

Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum og hálfum mánuði eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, skulu heilu mánuðirnir taldir fyrstir.

Sé gjalddagi ákveðinn í upphafi mánaðar, í miðjum mánuði eða í lok mánaðar, merkja þau orð fyrsta, fimmtánda eða síðasta dag mánaðarins.

Orðin „átta dagar“ eða „fimmtán dagar“ merkja eigi eina eða tvær vikur, heldur heila átta eða fimmtán daga.

Orðin „hálfur mánuður“ merkja fimmtán daga.

37. gr.

Hljóði víxill um greiðslu á tilteknum degi á stað, þar sem annað tímatal gildir en á útgáfustað hans, skal lita svo á, að gjalldaginn sé ákveðinn eftir tímatalinu á greiðslustaðnum.

Þegar víxill, sem út er gefinn milli tveggja staða með mismunandi tímatali, hljóðar um greiðslu tilteknum tíma eftir útgáfudag, skal reikna út þann dag að tímatalinu á greiðslustaðnum, er svarar til útgáfudagsins, og skal gjalldaginn ákveðinn eftir því.

Sýningarfrestir víxla skulu taldir samkvæmt því, er segir í næstu málsgrein hér á undan.

Reglum þessum skal eigi beitt, ef það verður séð af sérstöku ákvæði á víxlinum eða af efni hans að öðru leyti, að til þess hafi verið ætlað, að eftir öðrum reglum yrði farið.

Sjötti kapítuli.

Um greiðslu víxla.

38. gr.

Handhafi víxils, er greiðast á á tilteknum degi, tilteknum tíma eftir útgáfudag eða við sýningu, skal sýna víxilinn til greiðslu annaðhvort á þeim degi, er hann skyldi greiddur, eða á öðrumhvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir.

Afhending víxils til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

39. gr.

Nú greiðir greiðandi víxil, og getur hann þá krafizt þess, að víxillinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun víxilhafa.

Víxilhafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins.

Nú er nokkur hluti víxilfjárhæðar greiddur, og getur greiðandi þá krafizt

þess, að þeirrar greiðslu sé getið á vixlinum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

40. gr.

Vixilhafa er eigi skylt að taka við greiðslu vixils fyrr en á gjalddaga hans.

Nú greiðir greiðandi fyrir gjalddaga, og gerir hann það á sjálfs sin ábyrgð.

Sá, sem greiðir vixil á gjalddaga hans, leysist með því endanlega undan skuldbindingu sinni, nema um svik eða stórkostlegt gáleysi af hans hálfu sé að ræða. Honum er skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

41. gr.

Hljóði vixill um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má greiða vixilfjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á gjalddaga. Greiði vixilskuldari eigi á réttum tíma, getur vixilhafi krafizt þess, að vixilfjárhæðin sé greidd í mynt, gjaldgengri á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á gjalddaga eða á greiðsludegi.

Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að vixilfjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í vixlinum sjálfum.

Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri ákveðinni mynt (fyrirmæli um virka greiðslu í erlendri mynt).

Sé vixilfjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem vixillinn er gefinn út, og landi því, þar sem hann á að greiðast, eru líkurnar fyrir því, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

42. gr.

Sé vixill eigi sýndur til greiðslu innan frests þess, er ræðir um í 38. gr., er hverjum vixilskuldara heimilt að koma vixilfjárhæðinni í geymslu, á kostnað og ábyrgð vixilhafa, í þeim stofnunum, sem löggiltar eru til að taka við geymslufé.

Sjöundi kapítuli.

Um fullnustu vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.

43. gr.

Þegar gjalddagi er kominn og vixill hefir eigi verið greiddur, getur vixilhafi leitað fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum vixilskuldurum.

Sama rétt á vixilhafi, þó gjalddagi enn eigi sé kominn:

- 1) Ef neitað hefir verið um samþykki að nokkru eða að öllu.
- 2) Ef bú greiðanda hefir verið tekið til gjaldprotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, eða

hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að hann geti eigi greitt skuldir sínar, eða sé hann kaupmaður og hafi stöðvað greiðslur sínar. Gildir þetta jafnt, hvort sem greiðandi hefir samþykkt vixilinn eða eigi.

3) Ef bú útgefanda, er lagt hefir bann við því í vixli, að hann sé sýndur til samþykkis, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga.

44. gr.

Sanna skal neitun samþykkis eða greiðslufall með opinberri gerð (afsagnargerð vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls).

Afsögn vegna samþykkisskorts skal gerð áður en frestur sá er liðinn, sem settur er til sýningar vixilsins til samþykkis. Hafi hin fyrsta sýning, er svo stendur á sem segir í 1. mgr. 24. gr., farið fram á síðasta degi í frestinum, má samt gera afsögn á næsta degi þar á eftir.

Afsögn vegna greiðslufalls á vixli, er greiðast á á tilteknum degi, eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga. Nú á vixill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsgr. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á.

Hafi vixill verið afsagður vegna samþykkisskorts, þarf eigi að sýna hann til greiðslu eða afsegja hann vegna greiðslufalls.

Hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að greiðandi geti eigi greitt skuldir sínar, eða hafi hann, sé hann kaupmaður, stöðvað greiðslur sínar, getur vixilhafi eigi leitað fullnustu vegna þessa, fyrr en hann hefir sýnt greiðanda vixilinn til greiðslu og afsögn hefir verið gerð.

Verði bú greiðanda tekið til gjaldþrotaskipta, eða taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, nægir það, til þess að vixilhafi megi leita fullnustu, að hann leggi fram úrskurðinn, sem kveður á um gjaldþrotaskiptin eða nauðasamningstilraunirnar. Sama gildir, ef bú útgefanda, er lagt hefir bann við því í vixlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, verður tekið til gjaldþrotaskipta eða beiðni hans um aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti.

45. gr.

Vixilhafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um samþykkisskort eða greiðslufall innan fjöggra virkra daga eftir afsagnardag, eða hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nöfn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram, þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

Þegar tilkynning er send vixilskuldara samkvæmt því, sem fyrir er mælt í

næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann víxilskuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsi-legt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á víxlinum.

Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda víxilinn.

Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er höðinn.

Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaða-bæturnar mega þó ekki fara fram úr víxilfjárhæðinni.

46. gr.

Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar“, „án afsagnar“ eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgð-armanni, og þarf víxilhafi þá eigi, til þess að halda fullnusturétti sínum, að láta afsegja víxilinn vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.

Fyrirvari þessi leysir víxilhafa hvorki undan því að sýna víxilinn innan fresta þeirra, er til þess eru settir, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 45. gr. Sönnun þess, að frestir hafi verið látnir hjá liða, hvílir á þeim, er bera vill það fyrir sig gegn víxilhafa.

Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum víxilskuldurum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir víxilhafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern víxilskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

47. gr.

Þeir, sem út hafa gefið víxil, samþykkt hann eða framselt eða gerzt ábyrgð-armenn að honum, bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart víxilhafa.

Víxilhafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum skuldurum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á víxlinum.

Sama rétt á hver víxilskuldari, sem leyst hefir víxilinn til sín.

Nú er mál höfðað gegn einum af víxilskuldurum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á víxlinum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

48. gr.

Víxilhafi getur krafizt af þeim, er hann leitar fullnustu hjá:

1) Þess hlutar víxilfjárhæðarinnar, sem eigi var samþykktur eða eigi greiddur, ásamt vöxtum, ef vextir voru áskildir.

- 2) Vaxta frá gjalddaga, 6% í ársvexti.
 - 3) Kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar þær, er mælt er fyrir um í 45. gr., svo og annars kostnaðar, og
 - 4) Þóknunar, er sé $\frac{1}{3}$ % af vixilfjárhæðinni.
- Nú er fullnustu leitað fyrir gjalddaga, og skal þá draga frá vixilfjárhæðinni vixilforvexti, eftir því sem bankaforvextir eru reiknaðir af vixlum á þeim stað, þar sem vixilhafi býr, þann dag, sem fullnustu er krafizt.

49. gr.

Sá, sem vixilinn leysir til sín, getur krafizt af þeim vixilskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum:

- 1) Allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt;
- 2) vaxta af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% í ársvexti;
- 3) kostnaðar þess, er hann hefir haft, og
- 4) þóknunar, er sé $\frac{1}{3}$ % af vixilfjárhæðinni. Þó mega þóknunargjöldin aldrei nema meiru samtals en 2% af vixilfjárhæðinni.

50. gr.

Hver sá vixilskuldari, sem krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá vixilinn afhentan sér ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir vixilinn, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum komu.

51. gr.

Nú er vixillinn aðeins samþykktur að því er tekur til nokkurs hluta vixilfjárhæðarinnar, og fullnustu síðan krafizt, og getur þá sá, er greiðir þann hluta vixilfjárhæðarinnar, er eigi fékkst samþykktur, heimtað, að þeirrar greiðslu sinnar sé getið á vixlinum og að sér sé jafnframt gefin sérstök kvittun fyrir henni. Vixilhafi skal ennfremur, auk afsagnargerðarinnar, fá honum staðfest eftirrit af vixlinum, og má þá leita fullnustu samkvæmt því eftirriti.

52. gr.

Hver sá, sem fullnustu getur krafizt, getur, sé annað eigi áskilið, tekið sér greiðslu með nýjum vixli (gagnvixill), er greiðist við sýningu og gefinn sé út á hendur einhverjum þeirra, er ábyrgð bera gagnvart honum, til greiðslu á þeim stað, þar sem sá maður býr.

Gagnvixillinn skal nema upphæðum þeim, sem greinir í 48. og 49. gr., að viðbættu gjaldi til miðlara og stimpilgjaldi af gagnvixlinum.

Gefi vixilhafi gagnvixilinn út, skal fjárhæð hans ákveðin eftir gengi sýningarvixla, sem gefnir eru út frá greiðslustað upphaflega vixilsins til þess staðar, þar sem hlutaðeigandi vixilskuldari býr. Gefi framseljandi gagnvixilinn út, skal ákveða fjárhæðina eftir gengi sýningarvixla, sem gefnir eru út frá þeim stað, þar sem útgefandi gagnvixilsins býr, og til þess staðar, þar sem vixilskuldarinn býr.

53. gr.

Séu frestir þeir látnir hjá liða, sem gilda um sýningu vixils, er hljóðar um greiðslu við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, um framkvæmd afsagnargerðar vegna samþykkisskorts eða vegna greiðslufalls, um sýningu vixils til greiðslu, er fyrirvari hefir verið gerður um fullnustu án kostnaðar, þá glatar vixilhafi rétti sínum gegn framseljendum, útgefanda og öðrum vixilskuldurum, nema samþykkjanda. Hafi vixill eigi verið sýndur til samþykkis innan frests þess, sem útgefandi hefir ákveðið, glatar vixilhafi rétti sínum til fullnustu, bæði vegna samþykkisskorts og vegna greiðslufalls, nema það verði séð af ákvæðinu um frestinn, að útgefandi vildi aðeins undanskilja sig ábyrgð á samþykki. Nú er settur frestur til sýningar í framsali, og getur þá hlutaðeigandi framseljandi einn borið það fyrir sig.

54. gr.

Komi á fresti þeim, sem settur er til sýningar vixils eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun (innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir), og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

Vixilhafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og að geta þessarar tilkynningar og dagsetningar hennar á vixlinum eða miða, sem við vixilinn sé festur, og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðunum í 45. gr.

Jafnskjótt og tálmuninni er lokið, skal vixilhafi tafarlaust sýna vixilinn til samþykkis eða greiðslu, og láta afsegja hann, ef þarf.

Vari tálmunin lengur en þrjátíu daga eftir gjalddaga, má leita fullnustu án þess að nauðsynlegt sé að sýna vixilinn eða afsegja hann.

Sé um vixil að ræða, er greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, teljast þessir þrjátíu dagar frá þeim degi, er vixilhafi sendi síðasta framseljanda tilkynningu um tálmunina, þótt það hafi verið áður en sýningarfresti lauk. Nú á vixill að greiðast tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá bæta þeim tíma við þrjátíu daga frestinn.

Atvik, er aðeins varða vixilhafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna vixilinn eða láta afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir (vis major).

Áttundi kapituli.

Um meðalgöngu.

1. Almenn ákvæði.

55. gr.

Útgefandi, framseljandi eða ábyrgðarmaður geta tilgreint nauðleitarmanntil að samþykkja eða greiða vixilinn.

Þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, er greinir hér á eftir, getur maður gerzt meðalgöngumaður og samþykkt vixil eða greitt hann fyrir einhvern þann vixilskuldara, er fullnustu yrði krafinn.

Meðalgöngumaður getur verið einhver sá maður, sem eigi er vixilskuldari, jafnvel greiðandi vixilsins, eða einhver sá, sem orðinn er vixilskuldari, þó ekki samþykkjandi vixilsins.

Meðalgöngumaður skal, áður en tveir virkir dagar eru liðnir, senda þeim, er hann gerist meðalgöngumaður fyrir, tilkynningu um meðalgönguna. Láti hann frest þennan hjá liða, ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, er hljótast kann af vanrækslu hans; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr vixilfjárhæðinni.

2. Samþykki fyrir meðalgöngu.

56. gr.

Meðalgöngumaður getur samþykkt vixil, jafnan er vixilhafi getur leitað fullnustu fyrir gjalddaga vixilsins, nema því aðeins, að bannað hafi verið að sýna vixilinn til samþykkis.

Nú er á vixlinum vísað á nauðleitarmanntil á greiðslustaðnum, og getur vixilhafi þá eigi krafist þann, er vísaði á nauðleitarmanninn, né þá vixilskuldara, sem á eftir honum koma, um fullnustu fyrir gjalddaga, nema hann hafi sýnt nauðleitarmanninum vixilinn og, hafi hann neitað um samþykki, þá sannað neitun hans með afsagnargerð.

Endranær getur vixilhafi neitað að taka við samþykki meðalgöngumanns. Taki hann samt við samþykkinu, missir hann rétt sinn til þess að krefjast fullnustu fyrir gjalddaga hjá þeim, er samþykkt var fyrir, og þeim vixilskuldurum, er eftir hann koma.

57. gr.

Samþykki sitt skal meðalgöngumaður rita á vixilinn og undirrita það. Í samþykkinu skal þess getið, fyrir hvern það sé gefið. Sé þess eigi getið, telst samþykkið gefið fyrir útgefanda.

58. gr.

Meðalgöngumaður, er samþykkt hefir vixil, ber ábyrgð gagnvart vixilhafa og þeim framseljendum, sem koma á eftir þeim, er hann samþykkti fyrir, með sama hætti og sá maður bar ábyrgð gagnvart þeim.

Þrátt fyrir það, þótt meðalgöngumaður hafi samþykkt vixil, getur sá, er hann samþykkti fyrir, og þeir vixilskuldarar, er ábyrgð bera gagnvart þeim manni, ef þeir greiða fjárhæð þá, sem í 48. gr. segir, krafizt þess, að vixilhafi skili sér vixlinum, kvittuðum reikningi og afsagnargerð, hafi hún farið fram.

3. Greiðsla meðalgöngumanns.

59. gr.

Meðalgöngumaður getur greitt vixil, jafnan er vixilhafi gæti leitað fullnustu, hvort heldur er fyrir gjalddaga eða eftir.

Greiða skal alla þá fjárhæð, er sá skyldi greiða, er fyrir er greitt.

Greiðsla skal fara fram í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn vegna greiðslufalls síðast hefði orðið gerð.

60. gr.

Hafi meðalgöngumaður, er heima á á greiðslustaðnum, samþykkt vixil, eða sé vísað á einn eða fleiri nauðleitarmenn á vixlinum, er húi á greiðslustaðnum, skal vixilhafi sýna öllum þessum mönnum vixilinn og, ef með þarf, láta afsegja hann vegna greiðslufalls í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn síðast hefði orðið gerð.

Sé afsögn eigi gerð á þessum fresti, er sá, er vísaði á nauðleitarmanninn, eða sá, er vixillinn var samþykktur fyrir, og framseljendur þeir, er á eftir þeim koma, leystir frá skuldbindingum sínum.

61. gr.

Vixilhafi, sem neitar að taka við greiðslu meðalgöngumanns, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er leystir hefðu orðið með greiðslunni.

62. gr.

Sanna skal greiðslu meðalgöngumanns með kvittun, er rituð sé á vixilinn, og skal þess getið, fyrir hvern greitt sé. Nú er þess eigi getið, og skal þá talið, að greitt sé fyrir útgefanda.

Afhenda skal meðalgöngumanni vixilinn, ásamt afsagnargerð, hafi hún fram farið.

63. gr.

Meðalgöngumaður, er vixil greiðir, öðlast réttindi þau, er vixillinn veitir, gegn þeim, er hann greiddi fyrir, og þeim, er samkvæmt vixlinum báru ábyrgð gagnvart þeim manni; þó má hann eigi framselja vixilinn af nýju.

Framseljendur þeir, er koma á eftir þeim, er greitt var fyrir, leysast með greiðslunni.

Þjóðist fleiri en einn meðalgöngumaður til að greiða, gengur sá þeirra fyrir, er flesta vixilskuldara leysir. Sá, er meðalgöngumaður gerist gagnstætt ákvæði þessu, og veit hversu á stendur, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er ella hefðu leystir orðið.

Níundi kapituli.

Um samrit og eftirrit víxla.

1. Samrit.

64. gr.

Gefa má víxil út í fleiri samhljóða eintökum (samrit).

Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður víxill.

Sérhver handhafi víxils, er eigi greinir, að hann sé gefinn út í einu eintaki (einritaður), getur krafizt þess, að sér séu, á sinn kostnað, fengin samrit af víxlinum. Í því skyni skal hann snúa sér til þess, er næstur er fyrir framan hann; sá maður er skyldur til aðstoðar honum með tilmælum til þess, er næstur er á undan honum, og svo hver af öðrum, unz beiðnin kemur til útgefanda. Framseljendum er skylt að rita af nýju framsöl sín á nýju eintökin.

65. gr.

Greiðsla samkvæmt einu af víxileintökunum leysir undan víxilskyldunni, þótt eigi sé það áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðandi ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, er samþykki hans er ritað á og honum hefir eigi verið skilað.

Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum víxileintök, ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

66. gr.

Nú sendir víxilhafi eitt af víxileintökunum til samþykkis, og skal hann þá rita á hin eintökin nafn þess manns, er þetta eintak er hjá. Skylt er þeim manni að skila því til löglegs handhafa annars víxileintaks.

Nú neitar hann að skila eintaki þessu, og getur víxilhafi þá eigi leitað fullnustu fyrr en hann hefir sannað með afsagnargerð:

1. að sér hafi eigi verið skilað eintaki því, er til samþykkis var sent, þótt hann hafi krafizt þess, og

2. að hann hafi eigi getað fengið samþykki eða greiðslu samkvæmt öðru eintaki.

2. Eftirrit.

67. gr.

Hverjum handhafa víxils er rétt að taka eftirrit af honum.

Eftirrit víxils skal nákvæmlega fylgja frumvíxlinum, og skal það hafa að geyma eftirrit af framsölum og öðrum áritunum, sem á frumvíxlinum eru. Þess skal getið í eftirritinu, hve langt eftirritunin nær.

Framselja má víxileftirrit, svo og rita á það ábyrgðarskuldbindingu, með sömu áhrifum sem um frumvíxil væri að ræða.

68. gr.

Í víxileftirriti skal þess getið, hver frumvíxilinn hafi með höndum, og er þeim manni skylt að skila löglegum handhafa eftirritsins frumvíxlinum.

Nú færast hann undan því, og getur þá handhafi eftirritsins eigi leitað fullnustu hjá þeim, er framselt hafa eftirritið eða ritað á það ábyrgðarskuldbindingu, fyrr en hann hefir sannað það með afsagnargerð, að sér hafi eigi verið skilað frumvíxlinum, þótt hann hafi krafizt þess.

Hafi verið rituð á frumvíxilinn, eftir síðasta framsal áður en eftirritið var gert, þessi athugasemd: „eftirleiðis er aðeins framsal á eftirrit gilt“, eða önnur áritun sama efnis, eru framsöl þau, er seinna eru rituð á frumvíxilinn, ógild.

Tiundi kapituli.

Um breytingar á víxli.

69. gr.

Nú eru breytingar gerðar á texta víxils, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á víxilinn eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir i samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á víxilinn, eru skuldbundnir i samræmi við hinn upphaflega texta hans.

Ellefti kapituli.

Um fyrningu víxla.

70. gr.

Allar kröfur samkvæmt víxnum á hendur samþykkjanda fyrnast á þremur árum frá gjalddaga.

Kröfur víxilhafa á hendur framseljendum og útgefanda fyrnast á einu ári frá þeim degi, er afsagnargerð fór fram, enda hafi afsögn verið gerð á réttum tíma, eða á einu ári frá gjalddaga, hafi fyrirvari verið gerður um fullnustu án kostnaðar.

Fullnustukröfur framseljanda á hendur öðrum framseljendum eða útgefanda fyrnast á sex mánuðum frá þeim degi, er framseljandi leysti víxilinn til sín, eða frá þeim degi, er fyrningu var shtið gagnvart honum.

71. gr.

Fyrningu víxils er slitið, er stefna er birt i víxilmáli, krafa gerð i máli um notkun víxilkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, víxilkröfunni lýst i bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu víxils er og shtið, ef sá, sem sóttur er um víxilkröfu, tilkynnir

lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á vixlinum. Sá, er slíka tilkynningu fær, getur slitið fyrningu þá, er ræðir um í 1. málsgr. 70. gr., með því að tilkynna samþykkjanda lögsóknina.

Fyrningu vixils er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuþeiddis er fyrningu slitið, er vixilkrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu vixilkröfú í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum vixilskuldurum en þeim, er einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningar slitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á vixlinum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Nú verður gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 54. gr., og glatast þá vixilréttur eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því að tálmuninni lauk.

Tólfti kapítuli.

Almenn ákvæði.

72. gr.

Nú ber gjalddaga vixils á löghelgan dag, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða vixilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um vixla.

73. gr.

Nú glatast vixill, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað vixilsins.

Þegar stefna í ógildingarmáli er löglega birt, er útgefandi skyldur að gefa út nýjan vixil. Hafi hinn glataði vixill verið samþykktur, er samþykkjandi skyldur

til að greiða hann á gjalddaga, þeim manni, er sannar rétt sinn til að taka við greiðslu. Setja skal þó útgefanda eða samþykkjanda næga tryggingu unz víxillinn er dæmdur ógildur eða ábyrgð þeirra eftir hinum glataða vixli er horfin á annan hátt.

74. gr.

Nú hefir víxilkrafa fyrnzt eða víxilréttur glatazt fyrir vangeymslu, og er eiganda víxils rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld.

ANNAR ÞÁTTUR

Um eiginvíxla.

Þrettándi kapítuli.

75. gr.

Í eiginvíxli skal greina:

1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaust loforð um að greiða tiltekna upphæð peninga.
3. Gjalddaga.
4. Greiðslustað.
5. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísá má víxilfjárhæðinni til greiðslu.
6. Útgáfustað og útgáfudag.
7. Undirskrift þess, er gefur skjalið út (útgefandi).

76. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi gildi sem eiginvíxill, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal útgáfustaður skjalsins talinn vera greiðslustaður, og þá einnig vera talinn sá staður, er greiðandi býr á.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

77. gr.

Um eiginvíxla gilda, að því leyti, sem þeim verður við komið, þau ákvæði, sem sett eru um víxla á hendur öðrum manni og varða:

framsal víxla (11.—20. gr.),

gjaldlega (33.—37. gr.),

greiðslu (38.—42. gr.),

fullnustu vegna greiðslufalls (43.—50. og 52.—54. gr.),

milligöngu við greiðslu (55. gr. og 59.—63. gr.),

eftirrit (67. og 68. gr.),

breytingar (69. gr.),
fyrningu (70.—71. gr.),
löghelga daga, reikning á frestum og bann gegn frestdögum til greiðslu eftir
gjaldþaga (72. gr.),
glataða vixla (73. gr.), og
rétt vixilhafa til málshöfðunar, er vixilkrafa er fyrnd eða glötuð fyrir van-
geymslu (74. gr.).

Sömuleiðis gilda um eiginvixla ákvæðin um vixla, er greiðast eiga hjá þriðja
manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem heimili greiðanda er (4. gr. og 27.
gr.), um heimild til að áskilja vexti (5. gr.), um það, er vixilfjárhæð er tilgreind
oftar en einu sinni og eigi hin sama í öll skiptin (6. gr.), um afleiðingar þess,
að nafn er ritað á vixil með þeim atvikum, er segir í 7. gr., um það, er á vixli
eru nafnritanir manna, er ritað hafa án umboðs eða farið hafa út fyrir umboð
sitt (8. gr.), og ákvæðin um vixla, er eigi voru fullritaðir (10. gr.).

Ennfremur gilda um eiginvixla ákvæðin um ábyrgð (30.—32. gr.). Sé
eigi greint í áritun um ábyrgð, fyrir hvern hún sé tekin (31. gr. síðasta málsgr.),
skal lita svo á, að hún sé tekin fyrir útgefanda.

78. gr.

Útgefandi eiginvixils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi
vixils á hendur öðrum manni.

Nú hljóðar eiginvixill um greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, og skal
þá sýna útgefanda hann, til áritunar um sýninguna, innan þess frests, sem getið
er í 23. gr. Frestur frá sýningu telst þá frá þeim degi, er áritun útgefanda um
sýningu er dagsett á vixlinum. Neiti útgefandi að rita á vixilinn um sýninguna
eða að dagsetja áritunina, skal láta fara fram afsagnargerð um það (25. gr.), og
telst sýningarfresturinn þá frá dagsetningu hennar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Um það, hve útlend lög koma til greina.

Fjórtándi kapituli.

79. gr.

Hvort erlendur maður sé umkominn þess að gangast undir vixilskyldur,
skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir,
að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir vixil-
skyldur samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er þó samt sem
áður skuldbundinn hér í landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju
þvi landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að
skuldbinda sig.

80. gr.

Um form vixilskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið.

Nú er vixilskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem siðar er gengizt undir skuldbindingu, og leiðir þá ógildi hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin siðari einnig skuli metin ógild.

Vixilskuldbinding, sem íslenzkur ríkisborgari gengst undir erlendis og fullnægir skilyrðum íslenzkra laga um form, skal talin gild hér á landi gagnvart öðrum íslenzkum ríkisborgara, þótt skuldbindingin ella myndi talin ógild samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. þessarar greinar.

81. gr.

Um áhrif þess, að vixill á hendur öðrum manni er samþykktur eða eiginvixill gefinn út, skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem vixillinn á að greiðast.

Um áhrif annara vixilskuldbindinga skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir þær var gengizt, enda sé eigi öðruvisi fyrir mælt.

82. gr.

Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem vixillinn var gefinn út, hver vixilskuldara sem hlut á að máli.

83. gr.

Nú er svo litið á að lögum þess lands, þar sem vixillinn var gefinn út, að vixilhafi sé einnig eigandi kröfu þeirrar, er varð tilefni þess, að vixillinn var út gefinn, og skal þá farið eftir þeim lögum um það efni.

84. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem vixillinn á að greiðast, um það, hvort takmarka megi samþykki við nokkurn hluta vixilfjárhæðar og hvort vixilhafi geti neitað að taka við greiðslu á nokkrum hluta vixilfjárhæðarinnar aðeins.

85. gr.

Um form afsagnargerðar og annara gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að vixilrétti verði beitt eða hann varðveittur, og um frest til slikra gerða, skal farið eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

86. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem vixill á að greiðast, um það, hversu farið skuli að, ef vixill glatast eða er stolið.

87. gr.

Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf, um það efni.

FJÓRÐI ÞÁTTUR

Lokaákvæði.

Fimmtánda kapítuli.

88. gr.

Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

89. gr.

Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef víxillinn er fenginn honum.

90. gr.

Sé afsagnar á sama víxli krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

91. gr.

Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns, eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beita, eftir því sem við á, um sýningu víxils til samþykkis eða til greiðslu.

92. gr.

Nú á afsögn vegna greiðslufalls fram að fara, og býðst sá, sem afsögn á að gera hjá, til að greiða víxilinn að nokkru eða öllu, og skal þá sá, sem afsögn gerir, veita fénu móttöku, enda sé enginn annar maður viðstaddur, er veitt geti því móttöku fyrir gerðarbeiðanda hönd. Ríta skal kvittun fyrir greiðslunni á víxilinn, og sé víxilfjárhæðin greidd að fullu, ásamt vöxtum þeim, er áskildir kunna að hafa verið, sbr. 5. gr., skal afhenda víxilinn þeim, er greiðir hann, ef gerðarbeiðandi hefir eigi látið öðruvísi um mælt við þann, er afsögn gerir.

93. gr.

Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af víxlinum eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

Á víxilinn eða eftirrit hans skal rita vottorð um afsagnargerðina.

94. gr.

Færa skal afsagnargerð orðrétt inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

95. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi víxillög fyrir Ísland, nr. 1 13. jan. 1882, og 10. gr. laga um víxilmál og víxilafsagnir, nr. 2 13. jan. 1882. Þó skal ákvæðum víxillaganna frá 13. jan. 1882, öðrum en ákvæðum þeirra um afsagnargerðir, beitt um víxla, er út voru gefnir áður en lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Fram til þessa hafa lagaákvæðin um víxla verið mjög ólík í ýmsum löndum. Hefir þetta reynzt óhentugt á ýmsa lund, því víxlaviðskipti eiga sér oft stað milli manna, þar sem sinn er í hvoru landi. Það er því langt síðan mönnum varð það ljóst, að æskilegt væri, að samvinna kæmist á milli þjóðanna um það að samrýma víxillög sín sem mest. Fyrsti alþjóðafundurinn, sem um þetta mál var haldinn, var háður í Brimum árið 1876, og voru síðan öðruhverju fundir háðir um þetta efni, án þess þó að verulegur árangur yrði af þeim, þar til alþjóðasamþykkt var loks gerð á fundi í Haag árið 1912 og undirrituð af hálfu 27 ríkja, er skuldbundu sig til þess að lögtaka hvert fyrir sig svipuð víxillög. Úr framkvæmd samþykktar þessarar varð þó ekki neitt. Ófriðurinn mikli tók fyrir alla alþjóðasamvinnu um þetta efni, en eftir að ófriðnum lauk hefir málið verið tekið upp af nýju, og hefir þjóðabandalagið einkum haft forgöngu í því síðan. Eftir að nefndir höfðu um málið fjallað og fundir verið um það haldnir varð loks sú niðurstaða, að samþykkt var undirrituð í Geneve 7. júní 1930, af hálfu 22 ríkja, er skuldbundu sig til að lögtaka svipuð víxillög. Fylgdi samþykktinni frumvarp að víxillögum, sem samningsaðiljum ber að fara eftir við lögtöku hver hjá sér, en þó svo, að heimilt var að víkja frá því um nokkur tiltekin atriði. Síðan hafa nokkur fleiri ríki bætzt við sem samningsaðilar, og þó að litlar líkur séu taldar á því, að enskumælandi löndin fallist á samþykktina að svo komnu máli, þá er það þó vist, að með þessu er stigið mjög stórt skref að því marki að skapa alþjóðavixilrétt.

Ísland tók eigi þátt í fundinum í Geneve 1930 og samþykktin hefir eigi verið undirrituð af þess hálfu. Norðurlandaríkin voru hinsvegar aðilar að samþykktinni, og hafa þau nú breytt víxillögum sínum samkvæmt henni. Eins og kunnugt er, höfðu þau áður nær því samhljóða víxillög, og hin nýju víxillög þeirra eru einnig nær því samhljóða og samin af nefnd, er öll ríkin skipuðu. Íslenzku víxillögin frá 13. jan. 1882 eru sniðin eftir víxillögunum norrænu, og því þótti rétt, er íslenzk víxillög nú verða færð í samræmi við alþjóðavixillögin, að fylgja að öllu verulegu hinum nýju norrænu lögum. En þess ber að geta, að alþjóðalögin

hafa í för með sér tiltölulega litlar breytingar á gildandi víxillögum á Norðurlöndum og hér á landi, vegna þess að þau lög voru á sínum tíma sniðin eftir þýzkum víxillögum, er lögð voru til grundvallar frumvarpinu, er Geneve-samþykktinni fylgir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

FYRSTI ÞÁTTUR.

Um víxla á hendur öðrum manni.

Fyrsti kapítuli.

Um útgáfu víxils og form.

Um 1. gr.

Svarar til 1. gr. víxill. 1882. Hér er það þó tekið fram berum orðum, í 2. tölulið, að í víxlinum eigi að standa skilyrðislaus tilmæli um greiðslu. Þessa er eigi sérstaklega getið í víxill., en ekki felst þó nein efnisbreyting í þessum viðauka. Þá er heldur eigi áskilið í víxill., að gjalddagi skuli tilgreindur (sbr. 4. tölulið). Um þetta vísast til 2. mgr. 2. gr. frv., sbr. 33. gr. og til 3. gr. víxill.

Um 2. gr.

1. mgr. svarar til 5. gr. víxill.
2. mgr. svarar, eins og áður var sagt, til niðurlags 3. gr. víxill.
3. mgr. svarar til 2. mgr. 4. gr. víxill.
4. mgr. er nýmæli, er svarar, að því er útgáfustaðinn snertir, til ákvæðis 3. mgr. um greiðslustað.

Um 3. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 2. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 2. mgr. 2. gr. víxill., með þeirri breytingu, að víxlar þessir teljast ekki eiginvíxlar eftir frv. eins og eftir víxill. Er þetta byggt á því, að rétt þótti bæði að gefa útgefanda rétt á að ákveða sjálfur, hver víxilskylda sín yrði, og að láta form víxilsins skipta mestu máli um það, eftir hvaða reglum færi um hann.
3. mgr. er nýmæli, sem eigi er nauðsynlegt að vorum lögum, þar sem aldrei hefir verið efazt um, að hægt væri að setja slíkt ákvæði í víxla, en ákvæðið hinsvegar enga þýðingu hefir um víxilréttinn.

Um 4. gr.

Ákvæði greinar þessarar um vistun víxla eru að nokkru frábrugðin ákvæðum 1. mgr. 4. gr. víxill. um það efni. Samkv. þeim var víxill því aðeins vistaður, að hann hljóðaði um borgun á öðrum stað (þ. e. í öðrum kaupstað eða þinghá) en greiðandi átti heimili í. Víxill á hendur manni búsettum í Reykjavík, er greiðast átti í Landsbankanum þar, taldist því ekki vistaður víxill. Í frv. er þessu

breytt þannig, að allir vixlar, sem greiðast eiga hjá þriðja manni, teljast vistaðir vixlar, eins þótt þeir eigi að greiðast hjá þriðja manni á þeim stað, þar sem greiðandi býr. Þess skal getið, að orðið staður, sem í frv. þessu er notað fyrir orðið locality í hinum enska texta Geneve-frumvarpsins (localité í franska textanum), merkir í frv. sama sem kaupstað eða þinghá, þar sem eigi verður af samhenginu ráðið, að það merki annað.

Um 5. gr.

Samkv. 7. gr. vixill. eru öll ákvæði í vixlunum um vexti metin sem óskráð. Hér er frá þessu vikið og heimilað að áskilja vexti í vixli, ef vixillinn annaðhvort á að greiðast við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu. Í báðum þessum tilfellum er óvist, hve langur tími muni liða frá útgáfu vixils og þar til greiðslu er krafizt. Um aðra vixla má vita þetta fyrirfram, og er þá hægt að leggja vextina við höfuðstólinn og eigi þörf á að hafa sérstakt ákvæði um þá í vixlinum.

Um 6. gr.

Hér er að því leyti vikið frá ákvæðum 6. gr. vixill., að samkv. þeim gildir ávallt lægsta upphæðin, án tillits til þess, hvort hún er skrifuð með bókstöfum eða tölustöfum. Hér er sú upphæð, sem skráð er með bókstöfum, látin gilda, eða hin lægsta þeirra, sé um fleiri upphæðir skrifaðar með bókstöfum að ræða. Þessi breyting var byggð á því, að talið var líklegra, að aðilar gæfu þeirri upphæðinni meiri gaum, er tilgreind er í bókstöfum, en hinni, sem í tölustöfum er skráð, og að siður væri hætta á, að hún brjáláðist. Þó vafasamt sé um gildi þeirra röksemda, þótti þó rétt að fylgja Geneve-frumv. að þessu leyti.

Um 7. gr.

Gr. er að efni til í samræmi við 88. gr. vixill.

Um 8. gr.

Í vixill. eru engin ákvæði um það efni, er hér ræðir um. Er hér ákveðið, að sá maður, sem ritar á vixil í nafni annars manns, en hefir eigi umboð til þess eða fer út fyrir umboð sitt, verði sjálfur vixilskuldari, enda öðlist hann, er hann greiðir vixilinn, sama rétt og sá maður hefði öðlazzt, er hann skrifaði fyrir.

Um 9. gr.

1. mgr. er samhljóða 8. gr. vixill.

Í 2. mgr. felst sú nýng, að útgefandi megi undanskilja sig ábyrgð á samþykki vixilsins, en það er honum talið óheimilt samkv. vixill. Í sambandi við þetta er ákvæði 22. gr. frv., um að útgefandi geti lagt bann við sýningu vixilsins til samþykkis. Sumstaðar erlendis hafa slíkir vixlar tíðkazzt, og því var þetta ákvæði tekið í Geneve-frv.

Um 10. gr.

Um það efni, er hér ræðir um, eru engin ákvæði í vixill. En eftir grundvallarreglum núg. laga mundi verða farið með óútfyllta vixla eins og í þessari gr. frv. segir, og er hér því eigi um neina breytingu að ræða.

Annar kapituli.

Um framsal víxla.

Um 11. gr.

1. og 2. mgr. eru í samræmi við 9. gr. víxill.
3. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 10. gr. víxill.

Um 12. gr.

Samskonar ákvæði er ekki í víxill., og er hér þó eigi um neina verulega nýjung að ræða. Ákvæði 1. mgr. um, að framsal skuli vera skilyrðislaust, felst væntanlega óbeinlínis í ákvæðum 3. kap. víxill., eins og líka skilyrði í framsali ekkert gildi munu hafa að núgildandi lögum. Ákvæði 2. mgr. felst í 14. gr. víxill., og 3. mgr. er í samræmi við þá reglu ísl. réttar, að viðskiptabréf megji framselja handhafa. Ákvæði þessarar gr. útiloka að sjálfsgöðu eigi þá fyrirvara af hálfu framseljanda, sem leyfðir eru annarsstaðar í frv., sbr. 15, 22. og 23. gr.

Um 13. gr.

1. mgr. svarar til 11. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 12. gr. víxill.

Um 14. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 10. gr. víxill.
2. mgr. 1. svarar til 13. gr. víxill. Framsöl þau, er ræðir um í 2. og 3., eru og talin heimil nú, þó þeirra sé eigi sérstaklega getið í víxill.

Um 15. gr.

1. mgr. svarar til 14. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 15. gr. víxill.

Um 16. gr.

1. mgr. er sama efnis og 39. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 76. gr. víxill.

Um 17. gr.

Í víxill. er ekki sérstakt ákvæði um þetta, en gr. er í samræmi við meginreglur ísl. réttar um mótmælatap skuldara gegn framsalshafa viðskiptabréfs, sbr. tsk. 9. febr. 1798. Þó eru hér gerðar nokkuð aðrar kröfur um grandleysi framsalshafa en venjulega eru gerðar, en gr. er að þessu leyti að nokkru í samræmi við 2. mgr. 16. gr. frv. og 76. gr. víxill.

Um 18. gr.

1. mgr. er í samræmi við 16. gr. víxill.
2. mgr. er nýmæli, sem leiðir af eðli framsals þess, er hér er um að ræða. Í víxill. eru engin ákvæði, er svari til 3. mgr., en hún er í samræmi við alm.

réttarreglur, að öðru en því, að umboðið er hér eigi látið falla niður, þótt umbjóðandi sé sviptur fjárræði.

Um 19. gr.

Gr. þessi er nýjung í isl. vixilrétti, en var tekin upp í Geneve-frv. úr frönskum vixill. Að visu hafa svonefndir tryggingarvixlar verið notaðir nokkuð hér á landi að undanfögnu, og að nokkru leyti mundu ákvæði gr. þessarar geta átt við þá. Hér er því um framsal með takmörkun að ræða, eins og í 18. gr., og ákvæði gr. hliðstæð ákvæðum 1. og 2. mgr. 18. gr.

Um 20. gr.

Í vixill. eru engin sérstök ákvæði um framsal vixils eftir gjalddaga eða áhrif þess. Fyrri liður 1. mgr. má þó teljast vera í samræmi við núgildandi rétt. Aftur er í 2. lið sömu mgr. vikið frá því, sem hæstiréttur Dana taldi lög þar í landi, — hér á landi hefir enginn dómur um það efni gengið, svo vitanlegt sé, — en ákvæðið er í samræmi við það, sem talið var vera lög hjá Svíum, og felst í því það, að slíkt framsal hefir aðeins gildi sem alm. framsal á kröfu.

Þriðji kapítuli.

Um samþykki vixla.

Um 21. gr.

Gr. svarar í aðalatriðunum til 17. gr. vixill.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru nýmæli í isl. vixilrétti. Útgefanda, og að nokkru leyti framseljendum, er hér veitt heimild til þess bæði að fyrirskipa sýningu vixils til samþykkis og setja frest til hennar, svo og að banna hana, annaðhvort algerlega eða fyrir tiltekinn tíma.

Um 23. gr.

1. mgr. svarar til 19. gr. vixill., með þeirri breytingu, að sýningarfresturinn er hér ávallt eitt ár.

2. og 3. mgr. leiðir af hinum nýju ákvæðum í 22. gr.

Um 24. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 21. gr. vixill. Þar er greiðanda jafnan áskilinn sólarhrings umhugsunarfrestur, en samkv. þessari gr. frv. getur hann krafizt þess, að vixillinn sé sýndur sér að nýju næsta dag. Vixileiganda til hægðarauka er þó mælt svo fyrir, að þessarar kröfu greiðanda skuli getið í afsagnargerð. Ella þarf vixilhafi eigi að hlita því, að sú vörn sé höfð frammi.

2. mgr. mun vera í samræmi við það, sem nú er talið gilda um það efni, þótt ber ákvæði séu eigi um það í vixill.

Um 25. gr.

1. mgr. svarar til 2. mgr. 21. gr. vixill.
2. mgr. svarar að mestu til loka 1. mgr. 19. gr. vixill.

Um 26. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. lið 22. gr. vixill.
2. mgr. svarar til 2. liðs 22. gr. vixill. Þó er sú breyting gerð hér, að samþykkjandi sé skuldbundinn samkv. hljóðan samþykkis síns, en samkv. vixill. voru fyrirvarar þessir metnir sem óskráðir væru. Er ákvæði frv. um þetta bæði eðlilegri regla, og auk þess leiða ákvæði vixill. til þess, að vixilhafi, er svo er ástatt sem hér ræðir um, getur ekki leitað fullnustu fyrir samþykkisskort, enda þótt ljóst sé, að samþykkjandi ætli sér ekki að greiða vixilinn á réttum tíma.

Um 27. gr.

1. mgr. svarar til 24. gr. vixill., en regla þessi verður þó nokkru viðtækari í frv. en í vixill., og leiðir það af breytingu þeirri, er gerð er með 4. gr. frv. í reglunum um það, hvaða vixlar skuli taldir vera vistaðir.
2. mgr. er nýmæli. Leiðir af henni það, að samþykki með slikri viðbót er gilt samþykki, en ella hefði það samkv. 26. gr. verið talið ófullnægjandi, og þá talið heimila vixilhafa að krefjast fullnustu fyrir greiðslufall.

Um 28. gr.

1. mgr. svarar til 23. gr. vixill. Hér er þó eigi tekið fram, eins og í vixill., að samþykkjandi hafi ekki vixilrétt gegn útgefanda, enda óþarft að geta þess sérstaklega.
2. mgr. svarar til 36. gr. vixill., með þeirri breytingu, að samkv. frv. má jafnan krefja samþykkjanda um þóknun (provision).

Um 29. gr.

Hér er vikið algerlega frá ákvæði 3. mgr. 21. gr. vixill., en samkv. því hefir samþykki fullt gildi, þótt það síðar sé strikað út, afturkallað eða breytt. Er þessi regla vixill. algerð undantekning frá alm. reglum um gildi löggerninga. Var hún tekin í vixill. til þess að tryggja sem best gildi vixla sem viðskiptabréfa. Skoðanir eru þó skiptar um það, hvort þessi regla sé nauðsynleg og heppileg, og í Geneve-frv. var hinni gagnstæðu reglu fylgt, að leyfa afturköllun samþykkisins að öllum jafnaði.

Fjórði kapituli.

Um ábyrgð á vixilkröfu (aval.).

Um 30.—32. gr.

Í 87. gr. vixill. er mælt svo fyrir, að þeir, sem ritað hafa á vixil, að þeir gerist borgunarmenn (aval.), og sá, sem gengið er í borgun fyrir, beri, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á vixilskyldunni. Önnur ákvæði eru eigi í vixill. um

slika ábyrgð á vixilkröfu, enda mun hún mjög fátið hér á landi, því ábyrgð á lánsvixlum er hér að jafnaði í framsalsformi. Í gr. þessum eru ýtarlegri ákvæði um ábyrgð og þurfa þau ekki skýringar við, en þess er að vænta, að þau verði til þess, að ábyrgð á lánsvixlum komist sem mest í það horf að verða eiginleg ábyrgð, en eigi ímynduð framsalsábyrgð.

Fimmti kapituli.

Um gjalddaga vixils.

Um 33. gr.

Gr. er að efni til í samræmi við 3. gr. vixill.

Um 34. gr.

Gr. svarar til 32. gr. vixill. með þeirri breytingu, að sýningarfresturinn er alltaf eitt ár, sé eigi öðruvisi ákveðið, sbr. 23. gr. Í gr. er veitt heimild til að stytta frestinn eða lengja, og þá einnig að ákveða, að hann skuli telja frá síðari tíma en útgáfudegi, og eru þau ákvæði hliðstæð ákvæðum 22. gr. um sýningarrest til samþykkis.

Um 35. gr.

Svarar í öllu verulegu til 19. gr. vixill., og eru ákvæði þessi hliðstæð ákvæðum 23. og 2. mgr. 25. gr. frv.

Um 36. gr.

1. mgr. svarar til 90. gr. vixill.
2. mgr. svarar til niðurl. 2. mgr. 33. gr. vixill.
3. mgr. svarar til 1. mgr. 33. gr. vixill.
4. mgr. er nýmæli, sem þó mun vera í samræmi við það, sem ætla má að gildi nú.
5. mgr. svarar til upphafs 2. liðs, 2. mgr. 33. gr. vixill.

Um 37. gr.

Samkv. 34. gr. vixill. miðast gjalddagi vixils og aðrar tímaáakvarðanir við tímatalið á útgáfustaðnum, en í frv. er frá þessu vikið og farið eftir tímatali greiðslustaðarins aðallega.

Sjötti kapituli.

Um greiðslu vixla.

Um 38. gr.

1. mgr. svarar til 41. gr. vixill.
2. mgr. er nýmæli.

Um 39. gr.

1. mgr. svarar til 1. liðs 38. gr. vixill.
2. mgr. svarar til 37. gr. vixill.
3. mgr. svarar til 2. liðs 38. gr. vixill.

Um 40. gr.

Í vixill. er ekkert ákvæði, er svari til 1. mgr., en líklega hefði það þó eigi verið talinn viðtökudráttur frá vixilhafa hendi, að hann tók eigi við greiðslu, er boðin var fram fyrir gjalddaga, og er þá eigi um neina nýja reglu að ræða með þessu ákvæði.

2. mgr. svarar til 40. gr. vixill.

3. mgr. svarar til 39. gr. vixill. Þegar hér er talað um greiðslu vixils á gjalddaga er átt við greiðslu hans fram til þess að afsögn vegna greiðslufalls hefir farið fram.

Um 41. gr.

Í vixill. eru ákvæði um greiðslu vixla, er hljóða um borgun í erlendri mynt, í 35., 2. lið 36. gr. og 51. gr., og kemur þessi gr. frv. í þeirra stað. Reglurnar eru nokkru ýtarlegri hér, og er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir, að annar aðili geti grætt á gengisbreytingum á kostnað hins.

Ákvæði 4. mgr. er nýjung, sem m. a. hefir mikla þýðingu um vixilviðskipti milli Íslands og Norðurlanda.

Um 42. gr.

Samsvarandi ákvæði er ekki í vixill., en gr. er í samræmi við alm. reglur kröfuréttarins. Samkv. l. nr. 10, 15. apríl 1928, 51. gr., er Landsbankinn og útibú hans löggiltur geymslustaður fyrir slíkt geymslufé.

Sjöundi kapituli.

Um fullnustu vegna samþykkiskorts eða greiðslufalls.

Um 43. gr.

Gr. kemur í staðinn fyrir ákvæði 25., 30. og 41. gr. vixill. um fullnustu fyrir samþykkiskort og fyrir greiðslufall. Ákvæði frv. eru að því leyti einfaldari en ákvæði vixill., að heimildinni til að krefjast tryggingar, er neitað er um samþykki eða það reynist ótryggt, er felld niður. Auk þess er gerð sú breyting með frv., að heimilt er jafnan að leita fullnustu, er fjárprot greiðanda eru sönnuð, þótt hann hafi eigi samþykkt vixilinn, og í 3. mgr. er gefin sú nýja regla, að leita megji fullnustu, er útgefandi verður gjaldþrota eða leitar nauðasamninga, þegar um vixla er að ræða, sem bannað er að sýna til samþykkis.

Um 44. gr.

1. mgr. svarar til 81. gr. vixill.

Að öðru leyti kemur gr. í stað ákvæðanna í 25. gr. vixill., sbr. 19., 32. og 41.

gr., þó með allverulegum breytingum. Þannig er samkv. frv. aldrei rétt að afsegja víxil vegna greiðslufalls á gjalddaga. Samkv. víxill. er það heimilt, en að visu mun það sjaldan hafa komið fyrir, og bankarnir munu ávallt hafa látið afsegja víxla eftir gjalddaga. Önnur þýðingarmikil breyting er í 4. mgr. Samkv. henni þarf eigi að sýna víxil, sem afsagður hefir verið vegna samþykkisskorts, til greiðslu eða afsegja hann vegna greiðslufalls, en samkv. víxill. er þetta nauðsynlegt með þeirri takmörkun, er felst í niðurl. 41. gr.

Um 45. gr.

Gr. svarar til 45.—47. gr. víxill., sbr. 20. gr., með lítilsháttar breytingum. Þannig á víxilhafi ávallt að senda útgefanda tilkynningu, tilkynningarfrestur víxilhafa er lengdur um 2 daga, framseljandi, er tilkynningu sendir, á að tilgreina nöfn og heimili þeirra, er áður hafa sent tilkynningu, og skaðabótaupp-hæðin er takmörkuð við víxilfjárhæðina.

Um 46. gr.

Svarar til 42. gr. víxill., með þeim breytingum, að víxilhafi, er látið hefir afsegja víxil þrátt fyrir fyrirvara útgefanda, verður sjálfur að bera afsagnar-kostnaðinn, að ábyrgðarmaður getur sett þennan fyrirvara á víxilinn og að fyrirvarinn verður að vera ritaður á víxilinn sjálfan. Afsal á afsögn í sérstöku skjali hefir því framvegis aðeins gildi fyrir þann, sem undir það hefir ritað, en eigi fyrir aðra víxilskuldara.

Um 47. gr.

Er í samræmi við ákvæði 25., 30., 49. og 87. gr. víxill. um ábyrgð víxilskuldara.

Um 48. gr.

1. mgr. svarar til 50. gr. víxill.
2. mgr. svarar til niðurl. 1. mgr. 29. gr. víxill., þó þannig, að samkv. frv. má draga frá venjulega bankaforvexti, en 5% ársvexti samkv. víxill.

Um 49. gr.

Gr. svarar til 52. gr. víxill.

Um 50. gr.

Samskonar ákvæði að öllu verulegu eru í 48., 54. og 55. gr.

Um 51. gr.

Engin ákvæði eru í víxill., er svari til þessarar gr. Hér er að ræða um fullnustu fyrir skort á samþykki, að því er tekur til nokkurs hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins, og er mælt svo fyrir í gr., að þeirrar fullnustu verði leitað samkv. eftirriti af víxlinum.

Um 52. gr.

Svarar til 53. gr. víxill., en þó eru ákvæði þessi nokkru fyllri hér.

Um 53. gr.

Gr. svarar að mestu til ákvæða 32., 41. og 44. gr. víxill. um missi réttar til að leita fullnustu. Þó er sá munur á frv. og víxill., að samkv. frv. er afsögn aldrei nauðsynleg til að halda víxilrétti gegn samþykkjanda, sbr. aftur á móti 43. gr. víxill. Það er og nýmæli í frv., að víxilréttur glatist, sé víxillinn eigi sýndur til samþykkis innan frests þess, sem áskilinn er í víxlinum.

Um 54. gr.

Gr. kemur í stað 92. gr. víxill. Þegar slík óviðráðanleg atvik, sem hér er um að ræða, ber að höndum, getur aðallega verið um tvennt að velja, að leyfa víxilhafa að leita fullnustu hjá víxilskuldurunum strax, þótt hann hafi eigi getað komið víxilréttargerð þeirri fram, er ella hefði verið nauðsynleg, eða láta hann verða að biða með að leita fullnustu þar til tálmunin væri horfin og hann gæti framkvæmt gerðina. Síðari leiðin er valin í 92. gr. víxill., en í frv. er farinn meðalvegur, fullnusturéttinum að visu frestað, en aðeins um tiltekinn tíma. Var ákvæði þetta tekið í Geneve-frv. úr Haag-frv. 1912, og þótti það hafa gefizt vel á ófriðarárunum í löndum þeim, er sniðið höfðu víxillög sín eftir Haag-frv.

Áttundi kapítuli.

Um meðalgöngu.

1. Almenn ákvæði.

Um 55. gr.

Í 1. mgr. eru nánari ákvæði en í 56. gr. víxill. um það, hverjir nauðleit geti ritað á víxil.

2. og 3. mgr. eru í samræmi við 57. og 58. gr. víxill.

4. mgr. svarar til síðari hluta 59. gr. víxill. Skaðabótaupphæðin er takmörkuð hér með sama hætti og í 45. gr.

2. Samþykki fyrir meðalgöngu.

Um 56. gr.

1. mgr. svarar að nokkru leyti til upphafs 56. gr. víxill. Ákvæðið í niðurl. mgr., sem leiðir af 22. gr. frv., er þó eigi í víxill.

2. mgr. svarar til ákvæðanna í 56. gr. víxill.

3. mgr. kemur í stað 57. gr. víxill., þó er víxilhafa samkv. frv. eigi skylt að taka samþykki greiðanda, sem boðið er í heiðursskyni.

Um 57. gr.

Gr. svarar til 58. gr. víxill., en samkv. frv. verður meðalgöngusamþykki þó eigi ritað á eftirrit víxils.

Um 58. gr.

1. mgr. svarar til 60. gr. vixill.
2. mgr. svarar til 2. liðs 61. gr. vixill.

3. Greiðsla meðalgöngumanna.

Um 59. gr.

Tilsvarandi ákvæði eru eigi í vixill., en í gr. felst þó varla annað en það, sem leiðir af reglum vixill. um meðalgöngu. Þó er sú breyting gerð með frv., að frestur til borgunar er lengdur um einn dag.

Um 60. og 61. gr.

Svara að öllu verulegu til 62. gr. vixill.

Um 62. gr.

Svarar til fyrra liðs 63. gr. vixill.

Um 63. gr.

Svarar til 63. og 64. gr. vixill., þó er ekki í vixill. neitt ákvæði, er banni meðalgöngumanni að framselja vixil, er hann hefir greitt.

Niundi kapituli.

Um samrit og eftirrit vixla.

Um 64. gr.

1. og 2. mgr. svara til 66. gr. vixill.
3. mgr. svarar til 67. gr. vixill.

Um 65. gr.

Svarar til 68. gr. vixill.

Um 66. gr.

1. mgr. svarar til 69. gr. vixill.
2. mgr. svarar til 70. gr. vixill.

2. Eftirrit.

Um 67. gr.

Svarar til 71. gr. vixill., sbr. 11. gr.

Um 68. gr.

1. mgr. svarar til niðurl. 71. gr. vixill. og að nokkru leyti til 72. gr.
2. mgr. svarar til niðurl. 72. gr.

3. mgr. er nýmæli. Með því að nota fyrirvara þann, er þar greinir, má koma í veg fyrir, að frumvixillinn og eftirritið séu framseld hvort í sínu lagi.

Tíundi kapítuli.

Um breytingar á víxli.

Um 69. gr.

Samskonar ákvæði er ekki í víxill., en að efni til má þó ætla, að gr. sé í samræmi við núgildandi rétt.

Ellefti kapítuli.

Um fyrningu víxla.

Um 70. gr.

1. mgr. svarar til 77. gr. víxill.

Um fyrningu á öðrum víxilkröfum greina 78. og 79. gr. víxill. á milli þess, hvort greiða á hér á landi eða erlendis (78. gr.), eða framseljandi, er leyst hefir víxillinn til sín, býr hér á landi eða erlendis (79. gr.), og er fyrningarfræsturinn ýmist 6 mán. eða eitt ár. Í frv. er aftur á móti greint á milli þess, hvort um víxilkröfu víxilhafa eða framseljanda, sem leyst hefir til sín víxillinn, sé að ræða. Í fyrra tilfellinu er fyrningarfræsturinn eitt ár, í hinu síðara 6 mán.

Um 71. gr.

Hér er kveðið á um slit fyrningar, og koma ákvæði þessi í stað 80. gr. víxill. Ákvæðin eru nokkuð fyllri hér og ákvæðin í 2. og 3. mgr., um slit fyrningar erlendis, eru nýmæli.

Tólfthi kapítuli.

Almenn ákvæði.

Um 72. gr.

Gr. kemur í stað ákvæðanna í 91., 31. og 1. l. 2. mgr. 33. gr. og er að öllu verulegu í samræmi við þau.

Um 73. gr.

1. mgr. svarar til 73. gr. víxill. Þó er ákvæðið um varnarþing nýmæli.
2. mgr. svarar til 74. gr. víxill.

Um 74. gr.

Svarar til 93. gr. víxill.

ANNAR ÞÁTTUR.

Um eiginvíxla.

Þrettándi kapituli.

Um 75.—78. gr.

Í víxill. er aðeins ein gr. um eiginvíxla (95. gr.), og er þar vísað til ákvæða laganna um víxla á hendur öðrum manni, þó með þeim breytingum, sem leiðir af því, að útgefandi hefir sömu skyldur og væri hann samþykkjandi, og auk þess er tekið fram, að ákvæði laganna um samrit víxla taki eigi til þeirra og að eigi megi gefa þá út til eigin ráðstöfunar. Frv. byggir á sömu meginreglu og víxill. um muninn á eiginvíxlum og víxlum á hendur öðrum manni. En í stað þess að láta sér nægja almenna tilvísun til ákvæðanna, er á undan eru komin, eru hér sett ýtarlegri ákvæði um eiginvíxla. Um efnisbreytingar er þó eigi að ræða neinar verulegar, aðrar en þær, er leiðir af breytingum þeim, sem frv. gerir á reglunum um víxla á hendur öðrum manni.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR.

Um það, hve útlend lög koma til greina.

Fjórtándi kapituli.

Um 79.—87. gr.

Víxlar eru oftlega notaðir í viðskiptum milli landa, og ber það því oft við, að aðilar eru eigi allir sömu þjóðar og að eigi er undir allar víxilskyldurnar gengið í sama landinu. Er þá spurningin sú, eftir hvers lands lögum fari um slíka víxla. Venjulega eru nokkuð ýtarlegar reglur um þetta efni í víxillöggjöf landanna. Í víxill. 1882 eru fyrirmæli um þetta í 84.—86. gr., en þó taka þau ekki nema til nokkurra atriða þessa máls. Það er auðskilið, að mikils er vert, að sem flestar þjóðir fari eftir svipuðum reglum um þetta efni, en hingað til hafa þessi ákvæði víxill. verið mjög sitt með hverjum hætti. Í Geneve-frv. voru þó eigi tekin nein ákvæði um þetta, en í þess stað var gerð sérstök alþjóðasamþykkt um málið. Ákvæði þessara 84.—86. gr. frv. eru í samræmi við þessa alþjóðasamþykkt, en í 87. gr. er aðilum víxilmáls gert að skyldu að láta hlutaðeigandi dómi í té upplýsingar um hinn erlenda rétt, ef þess gerist þörf.

FJÓRÐI ÞÁTTUR.

Lokaákvæði.

Fimmtándi kapituli.

Um 88. gr.

1. liður svarar til 81. gr. víxill., sbr. 1. lið 10. gr. 1. nr. 2, 13. jan. 1882.
2. liður svarar til 2. liðs 10. gr. 1. nr. 2 1882. Þó er hér gerð sú breyting, að í stað þess, að heimilt er að láta 2 óræka votta gera afsögn samkv. 1. 1882, er hér heimilað að láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögn, ef eigi næst til notarius. Þykir rétt að láta jafnan sýslunarmann gera afsögn, og væntanlega ætti ávallt að nást annaðhvort til eins stefnuvotts eða til hreppstjóra.

Um 89. gr.

Svarar til 3. liðs 10. gr. 1. nr. 2 1882.

Um 90. gr.

Svarar til 83. gr. víxill.

Um 91. gr.

Svarar til 89. gr. víxill.

Um 92. gr.

Samsvarandi ákvæði eru eigi í víxill., en reglan er eðlileg og heppileg.

Um 93. gr.

Svarar til 82. gr. víxill.

Um 94. gr.

Í víxill. er ekkert ákvæði, er svari til 1. mgr., en að því er snertir afsagnir, sem notarius gerir, er hún í samræmi við það, sem tíðkæzt hefir. Hvað aðrar afsagnir snertir, þá sýnist sjálfsagt, að það sé tryggt, að þær séu færðar inn í embættisbók notarii, þar sem hægt sé að ganga að þeim síðar, ef þörf gerist.

2. mgr. svarar til niðurl. 10. gr. 1. nr. 2 1882.

Um 95. gr.

Þarf eigi skýringar.